

es Einarsson eiga að vera sýknir af ákæru sækjandans í máli þessu. Málskostnað allan bæði í hjerði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsvarnarlaun til W. Melsteds á Sauðárkróki 4 krónur og málfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirrettarmálaflutningsmanns Gísla Ísleifssonar og cand. juris Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra, ber að greiða af almannafje.

Nr. 9/1896.

Guðmundur Magnússon  
 gegn  
 Sigurði Mattiassyni.

#### Dómur:

Hinn 24. nóv. 1894 seldi hinn stefndi, Sigurður Mattiasson á Eyrarbakka, áfrýjandanum Guðmundi Magnússyni samastaðar eign sína hálfja jörðina Fell í Biskupstungum fyrir 1600 kr. Borgaði áfrýjandi af kaupverðinu 500 kr. þegar í stað og gaf út veðskuldabryjef fyrir eptirstöðvunum, en fjekk aptur á móti afsalsbryjef fyrir jörðinni hjá stefnda, og var afsalsbryjefið dagsett nefndan dag, 24. nóv. 1894. Nokkru síðar fór stefndi þess á leit við áfrýjanda, að kaup þessi mættu ganga til baka, sökum þess að ábúandi jarðarinnar krafðist kaups á henni, en honum var áskilinn forkaupsrjettur á jörðinni í byggingarbryjefi hans, og gaf á-

frýjandi þetta eptir með þeim skilyrðum, að stefndi borgaði honum aptur 500 kr. þær, er hann hafði greitt upp í jarðarverðið og skilaði aptur veðskulda-brjefinu fyrir eptirstöðvunum. Áfrýjandinn heldur því fram, að það hafi ennfremur verið áskilið af sinni hálfu, að stefndi borgaði honum fyrir ríptingu á kaupinu 115 kr., en stefndi hefur neitað því að nokkuð hafi verið um samið í þá átt, en áfrýjandi hafi að eins talað um, að hann fengi einhverja þóknun fyrir að kaupin ónýttust. Varð mál út af þessu milli málspartanna, og krafðist sækjandi í hjeradi (áfrýjandi) þess, að stefndi væri dæmdur til að greiða sjer nefndar 115 kr. ásamt vöxtum gegn afhendingu afsalsbrjefsins 24. nóv. 1894, svo og málskostnað, eða til vara, að hann (áfrýjandi) yrði dæmdur löglegur eigandi jarðarinnar samkvæmt þessu afsalsbrjefi gegn því að skila aptur 500 kr. í peningum og skuldabryefinu fyrir kaupverðseptirstöðvunum. Stefndi krafðist aptur á móti sýknunar og málskostnaðar, og að áfrýjandi væri sektaður fyrir óþarfa þrætu. Með aukarjettardómi Árnessýslu 22. nóv. f. á. var síðan dæmt svo í máli þessu, að stefndi var sýknaður af kærnum og kröfum áfrýjandans og málskostnaður látinn falla niður. Dómi þessum hefur áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 6. febr. þ. á., og hefur hann krafizt þess fyrir yfirdóminum, að stefndi verði dæmdur til að greiða sjer 115 kr. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi og til að skila sjer aptur skuldabryefinu fyrir kaupverðseptirstöðvunum, hvorttveggja gegn því, að



hann sjálfur skili stefnda afsalsbrjefinu 24. nóv. 1894, svo og málskostnaðar fyrir báðum rjettum, en til vara að sjer verði dæmd hálf jörðin Fell, gegn því að skila aptur 500 kr. þeim, er hann hafi tekið á móti, og að stefndi verði, hvernig sem fer, dæmdur til að greiða sjer málskostnað allan fyrir báðum rjettum að skaðlausu. Hinn stefndi hefur aptur á móti krafizt, að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir báðum rjettum eptir rjettarins mati.

Í málinu er engin sönnun framkomin fyrir því, að stefndi hafi lofað áfrýjandanum 115 kr. fyrir að umrædd jarðarkaup mættu ganga til baka, og verður því aðalkrafa áfrýjanda í málinu eigi tekin til greina. Að því varakröfuna snertir, er það viðurkennt, að málsaðilar komu báðir í spari-sjóð Árnassýslu 24. marz f. á. í þeim tilgangi að skiptast þar á peningum og brjefum til ónýtingar jarðakaupunum, og greiddi þá stefndi áfrýjanda aptur 500 kr. þær, er hann hafði þegar fengið borgaðar af jarðarverðinu, og auk þess vexti af upphæð þeirri þann tíma, er hún hafði verið í vörzlum stefnda, en áfrýjandinn gaf skriflega kvittun fyrir hvorutveggju. Það má einnig álitast sannað með vitnisburðum, er fram hafa komið í málinu, í sambandi við málsfærslu áfrýjandans, er í því efni hefur verið töluvert á reiki og farið í mótsögn við sjálfa sig, að stefndi skilaði áfrýjandanum aptur við sama tækifæri veðskuldabryjfi því, er út hafði verið gefið fyrir kaup-

verðseptirstöðvunum, og að áfrýjandinn aptur á móti afhenti stefnda afsalsbrjef að jörðinni ( $\frac{1}{2}$  Felli), útgefið af stefnda og dags. 1. desbr. 1894, og lýsti því jafnframt yfir, að hann hefði eigi í höndum neitt annað skjal frá stefnda jarðakaupunum viðvikjandi. Með þessum skiptum á peningum og brjefum, og þar sem, eins og fyr er tekið fram, ósannað, er að tilskilin hafi verið nokkur sjerstök þóknun til áfrýjanda fyrir kaupriptinguna, verður ripting kaupanna að álítast hafa verið fullgjörð af málsaðilum við umrætt tækifæri, því að afhending afsalsbrjefs að jörðinni í hendur stefnda gegn apturskilun frá hans hendi til áfrýjanda á andvirði jarðarinnar, bæði peningum og skulda-brjefi, verður eigi skilin á annan veg. Áfrýjandinn hefur reyndar viljað halda því fram, að brjef það, er hann afhenti stefnda í sparisjóðnum, hafi eigi verið hið rjetta afsalsbrjef að jörðinni, er stefndi gaf honum, er kaupin gjörðust 24. nóv. 1894, heldur alveg þýðingarlaust skjal eða ónákvæmt eptirrit af hinu rjetta afsalsbrjefi, enda dagsett öðruvísi en það, eða 1. desbr. 1894. En eptir því sem stefndi hefur frá skýrt — og framburður hans í þessu efni verður að takast trúanlegur gagnvart sögusögn áfrýjanda, sem um það atriði hefur orðið margsaga í málinu, — þá stendur svo á þessu afsalsbrjefi, er áfrýjandi afhenti stefnda í sparisjóðnum 24. marz f. á. sem afsalsbrjef jarðarinnar, að áfrýjandi hafði fengið stefnda til að gefa sjer nýtt afsalsbrjef, af því hann kvaðst hafa glatað hinu fyrra, og var þetta síðara afsals-



brjef þá einnig dagsett nokkrum dögum síðar en hið fyrra, eða 1. desbr. 1894. Höfðu þannig verið út gefin 2 afsalsbrjef að jörðinni í hendur áfrýjanda af stefnda, og reyndar virðist áfrýjandi nú hafa í höndum fyrra afsalsbrjefið, en þetta rýrir í engan máta þýðingu þá, er það hafði sem algjörð ónýting jarðakaupanna, að áfrýjandi, eins og sannað er í málinu, á fyrnefndum sparisjóðsfundi afhenti stefnda síðara afsalsbrjefið og lýsti því yfir um leið, að hann hefði engin önnur skjöl í höndum jarðakaupin áhrærandi. Það verður þannig eigi tekin til greina varakrafa áfrýjanda, að honum verði þrátt fyrir þetta dæmd til eignar  $\frac{1}{2}$  jörðin Fell, sem um ræðir í fyrnefndum afsalsbrjefum; og með því að yfirdómurinn einnig fellst á málskostnaðarákvæði hins áfrýjanda dóms, ber að staðfesta hann í öllum greinum. Í málskostnað fyrir yfirdómi þykir rjett að áfrýjandi greiði stefnda 30 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandinn Guðmundur Magnússon greiði stefnda Sigurði Mattíassyni í málskostnað fyrir yfirdómi 30 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaáðför.